Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Q8 T 55 80W-140 Gírolía**

Vörunúmer:

7503 437482144	**5L**
7503 437492120	**20L**
7503 4374921	**208L**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Gírolía.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi, sjá hér að ofan.

1.3 Söluaðili:

N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur

Sími: 4401000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi:
Q8 Danmark A/S
Banevænget 13
3460 Birkerød
Danmörk

Sími: 00-45-7012-4545
Netfang: SDSinfo@Q8.com
Veffang: www.q8.dk

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	Húðnæm.1

Innihaldsefni með óþekktum eiturhrifum:

Engin.

Innihaldsefni með óþekktum visteiturhrifum:

Engin.

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **VARÚÐ**

Hættusetningar

H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
EUH208	Inniheldur Kalsíumalkarýl súlfonat með löngum keðjum. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P261	Gætið þess að anda ekki inn úða.
P272	Ekki skal farið með vinnuföt af vinnustað hafi þau óhreinkast af efninu.
P302+P352	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.
P333+P313	Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið læknis.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur Myndefni úr hvarfi bis(4-metýlpentan-2-ýl)díþíófosfórsýru með fosfóroxíði, própýlen oxíði og amínum, C12-14 alkýl (greinóttu).

2.3 Aðrar hættur: Affitar húð.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við.

3.2 Blöndur:

Olíuleifar (úr jarðolíu) vaxsneyddar með leysiefni [2]			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119480472-38	**Innihald %**	**75 - < 90**
Raðnúmer	649-471-00-X	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	265-166-0	**H-setningar**	-
CAS	64742-62-7	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Eimi (úr hráolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug [2]			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119471299-27	**Innihald %**	**5 - < 10**
Raðnúmer	649-474-00-6	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	265-169-7	**H-setningar**	-
CAS	64742-65-0	**Flokkun, hættumerking**	Ekki flokkað
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Ekki flokkað			

Myndefni úr hvarfi bis(4-metýlpentan-2-ýl)díþíófosfórsýru með fosfóroxíði, própýlen oxíði og amínum, C12-14 alkýl (greinóttu) [1]			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119493620-38	**Innihald %**	**1 - < 2,5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	Xn, N
EINECS, ELINECS	931-384-6	**H-setningar**	H22, H43, H51/53
CAS	-	**Flokkun, hættumerking**	umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 3 - **H226**, Bráð eit. 4 - **H302**, Húðnæm.1 - **H317**, Langv.eit.á vatn 2 - **H411**			

(Z)-oktadek-9-enýlamín [1]			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**0,1 - 1,0**
Raðnúmer	612-283-00-3	**Varnaðarmerki:**	C, Xn, N
EINECS, ELINECS	204-015-5	**H-setningar**	H22, H34, H43, H50
CAS	112-90-3	**Flokkun, hættumerking**	Ætandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - **H312**, Húðæt.1B - **H314**, Húðnæm.1 - **H317**, Augnskað.1 - **H318**, Bráð eit.á vatn 1 - **H400**			

Jarðefnaolíur í vörunni innihalda <3% DMSO (Dímetýlsúlfoxíð) (IP346).

Varan inniheldur engin önnur efni sem sem eftir bestu vitund framleiðanda hafa áhrif á flokkun vörunnar og ættu því að vera talin í þessum lið.

[1]: Innihaldsefnið hefur verið flokkað sem hættulegt heilsu eða umhverfi.

[2]: Innihaldsefnið hefur skilgreind mengunarmörk. (Sjá lið 8.).

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Sjáið til þess að hinn slasaði eigi sem auðveldast með öndun. Leitið læknis við alvarleg eða viðvarandi einkenni.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis séu einkenni viðvarandi.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni í amk 10 mín. og haldið augum vel opnum, lyftið augnlokum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis séu einkenni viðvarandi.

Inntaka Skolið munn með vatni. Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Sjáið til þess að hinn slasaði eigi auðvelt með öndun. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótlega. Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði. Við uppköst skal halda höfði lágt þannig að efni berist ekki í lungu. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. Gefið smávegis vatn að drekka.

Til hjálparliða Aðhafist ekkert nema þar sem viðeigandi þjálfun hefur farið fram. Takið ekki persónulega áhættu.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Húð: Einkenni við snertingu við húð geta verið: Affitun, erting, þurrkur, sprungumyndun. Örðum einkennum gæti seinkað um nokkrar klukkustundir.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum. Hafið strax samband við lækni við inntöku eða innöndun á miklu magni. Hinn slasaði ætti að vera undir eftirliti í 2 sólarhringa.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, vatnsúði.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinið ekki vatnsgeisla beint á eld.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Hætta á hækkuðum þrýstingi í umbúðum við upphitun, jafnvel sprengingu.
Myndefni við bruna: Kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, brennisteinsoxíð, fosfóroxíð.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Nota má vatnsúða til að kæla umbúðir og verja starfsfólk.
Aðhafist ekkert sem innifelur áhættu fyrir hjálparliða, nema viðeigandi þjálfun sé til staðar.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað (EN 469). Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Fyrir aðra en hjálparstarfsmenn

Gerið ekkert sem hefur persónulega áhættu í för með sér, eða sem viðkomandi hefur ekki hlotið þjálfun til að framkvæma. Rýmið nærliggjandi svæði og sjáið til þess að engir óviðkomandi, eða þeir sem hafa ekki viðeigandi persónuhlífar, fari inn á mengunarsvæðið.
Forðist snertingu og að ganga í losuðu efni. Notið viðeigandi persónuhlífar.

Fyrir hjálparstarfsmenn

Sjá lið 8. um viðeigandi persónuhlífar og önnur atriði er varða hreinlæti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða. Komið í veg fyrir að efnið berist í lokuð rými, niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.
Losun getur skaðað drykkjarvatn.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Stöðvið lekann ef það er unnt án áhættu. Færið ílát frá menguðu svæði. Þynnið með vatni og hreinsið upp með moppu sé efnið vatnsleysanlegt. Ef ekki, notið óbrennanleg ísogsefni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar.
Sé um mikinn leka að ræða, getur reynst nauðsynlegt að mynda varnargarða úr óbrennanlegum ísogsefnum, svo sem sandi, jarðvegi eða kísilgúr. Vinnið vindmegin við mengunarsvæðið.
Tilkynnið strax viðkomandi yfirvöldum um lekann. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.
Athugið að menguð upphreinsunarefni geta öðlast sömu hættulegu eiginleika og varan.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá lið 1. um tengla í neyðartilvikum, lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist myndun og innöndun gufu og úða. Reykið ekki.
Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Endurnýtið ekki umbúðir.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum og merktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri matvælum.

Hafi umbúðir verið opnaðar, lokið þeim vandlega aftur og gætið þess að þær standi uppréttar til að forðast leka. Geymið fjarri beinu sólarljósi og ósamrýmanlegum efnum.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Olíuleifar (úr jarðolíu) vaxsneyddar með leysiefni		1			Úði, Danska Vinnueftirlitið
Eimi (úr hráolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		1			Úði, Danska Vinnueftirlitið

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Sjá staðal EN 689 um mat á váhrifum. Einnig EN 14042 og EN 482.

Persónuhlífar Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166), eða andlitshlíf.

Húð - hendur Notið efnahelda hanska úr nítrílgúmmíi (EN 374).

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN 13034). Geymið ekki vætta klúta í vösum. Notið skófatnað sem hæfir aðstæðum hverju sinni.

Öndunarfæri Við venjulega notkun eru öndunarhlífar ekki nauðsynlegar. Athugið viðmiðunarmörk, sem gefin eru upp í lið 8, og veljið öndunarbúnað í samræmi við aðstæður hverju sinni, og í samræmi við lög og reglur. Mælt er með síu af gerð A1 og A1P2 sé olían heit.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi - olíukenndur		
Lykt:	Væg		
Litur:	Ljósgulur, tær		
Bræðslumark:	<-12°C		
Suðumark:	>300°C		
Blossamark:	>200°C	(opið ílát ASTM D92)	
Sjálftendrunarmark:	>300°C		
Niðurbrotshitastig:	>300°C		
Gufuþrýstingur (20°C):	<0,01	kPa	(herbergishiti)
Eðlismassi:	0,910	g/cm^3	
Vatnsleysni:	Óleysanlegt í heitu og köldu vatni		
Seigja (40°C):	431	cSt	
Seigja (100°C):	29,3	cSt	

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin við venjulegar notkunaraðstæður.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Myndefni við bruna: Kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, brennisteinsoxíð, fosfóroxíð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Efni:		Inntaka LD50	Innöndun LC50	Ísog um húð LD50	Aðferð
Olíuleifar (úr jarðolíu) vaxsneyddar með leysiefni			5,53 mg/l (4 klst) (rotta)		
Eimi (úr hráolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		>5000 mg/kg (rotta)	5,53 mg/l (4 klst) (rotta)	>5000 mg/kg (kanína)	

Erting/æting:

Efni:	Gildi	Tegund	Einkenni	Snertitími	Eftirlit
Olíuleifar (úr jarðolíu) vaxsneyddar með leysiefni	0,17	kanína	Húð, roði og þurrkur	72 klst	7 dagar
	0	kanína	Húð, bjúgmyndun	72 klst	7 dagar
	0	kanína	Augu, skaði á sjáöldrum	48 klst	72 klst
	0,33	kanína	Augu, roðamyndun	48 klst	72 klst
Eimi (úr hráolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug	0,17	kanína	Húð, roði og þurrkur	72 klst	7 dagar
	0	kanína	Húð, bjúgmyndun	72 klst	7 dagar
	0	kanína	Augu, skaði á sjáöldrum	48 klst	72 klst
	0,33	kanína	Augu, roðamyndun	48 klst	72 klst

Næming:

Efni:		Tegund	Snertileið	Niðurstaða
Olíuleifar (úr jarðolíu) vaxsneyddar með leysiefni		hamstur	Húð	Veldur ekki næmingu
Eimi (úr hráolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		hamstur	Húð	Veldur ekki næmingu

Stökkbreytingar:

Efni:		Próf	Tegund	Niðurstaða
Olíuleifar (úr jarðolíu) vaxsneyddar með leysiefni		474 / Spendýr	Lifandi spendýr	Neikvæð
Eimi (úr hráolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		474 / Spendýr	Lifandi spendýr	Neikvæð

Krabbamein:

Efni:		Tími	Tegund	Niðurstaða
Olíuleifar (úr jarðolíu) vaxsneyddar með leysiefni		78 vikur	Mús (kvk)	Neikvæð (húð)
Eimi (úr hráolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		78 vikur	Mús (kvk)	Neikvæð (húð)

Eiturhrif á æxlunarfæri:

Efni:	Styrkur	Tegund	Niðurstaða
Olíuleifar (úr jarðolíu) vaxsneyddar með leysiefni	Inntaka 1000 mg/kg	Mús (kvk)	Neikvæð
Eimi (úr hráolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug	Inntaka 1000 mg/kg	Mús (kvk)	Neikvæð

Eiturhrif á fóstur:

Efni:	Styrkur	Snertitími	Tegund	Niðurstaða
Olíuleifar (úr jarðolíu) vaxsneyddar með leysiefni	2000 mg/kg	7 dagar/viku	Rotta	Neikvæð (húð)
Eimi (úr hráolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug	2000 mg/kg	7 dagar/viku	Rotta	Neikvæð (húð)

Innöndun: Áverkun niðurbrotsefna getur reynst hættuleg heilsu, með alvarlegum einkennum.

Inntaka: Engin sérstök áhrif þekkt.

Snerting við húð: Affitar húð, getur valdið þurri og sprunginni húð. Getur valdið næmingu.

Snerting við augu: Engin sérstök áhrif þekkt.

Langvinn eiturhrif:

Efni:	Tegund	Niðurstaða	Snertitími	Styrkur
Olíuleifar (úr jarðolíu) vaxsneyddar með leysiefni	rotta (kk, kvk)	Meðallöng hrif NOAEL inntaka	13 vikur 5 d/viku	>=2000 mg/kg
	rotta (kk)	Skammvinn áhrif LOAEL inntaka	13 vikur 5 klst/dag	125 mg/kg
	rotta (kk)	Skammvinn áhrif NOAEL innöndun ryk og úði.	4 vikur 5 d/viku	>980 mg/m3
Eimi (úr hráolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug	rotta (kk, kvk)	Meðallöng hrif NOAEL inntaka	13 vikur 5 d/viku	>=2000 mg/kg
	rotta (kk)	Skammvinn áhrif LOAEL inntaka	13 vikur 5 klst/dag	125 mg/kg
	rotta (kk)	Skammvinn áhrif NOAEL innöndun ryk og úði.	4 vikur 5 d/viku	>980 mg/m3

Snerting við húð: Affitar húð, langvinn eða endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð.
Getur valdið næmingu í húð.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.2 Stöðugleiki og niðurbrot:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.3 Uppsöfnun í lífverum:

Efni:		Log Pow	BCF	Líkindi
Olíuleifar (úr jarðolíu) vaxsneyddar með leysiefni		>3	-	mikil
Eimi (úr hráolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		>3	-	mikil

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.5 PBT/vPvB:

Inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT/vPvB.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Endurvinnið ef unnt er.
Athugið að tómar umbúðir gætu innihaldið efnaleifar. Geymið á öruggum stað.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem :

13 02 05 (vélar-, gír- og smurolíur sem gerðar eru úr jarðolíum og eru án klórs)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur

IMDG: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur

IATA: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP),
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur farið fram á einu eða fleiri innihaldsefnum.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H226	Eldfimur vökvi og gufa
H302	Hættulegt við inntöku
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa: 1
Dags: 07.07.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***Q8 DANMARK A/S***
Sikkerhedsdatablad *Er i overenstemmelse med forordning (EF) nr. 1907/2006 (REACH) Bilag II,*
Q8 T 55 85W-140
Útgáfa: *10.11.2012 Útgáfa 1*